

Vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

### 22. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Sandgerðishöfn nr. 123 13. apríl 1973.

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

### 2. gr.

Greinar 27—46 falli niður og inn komi nýr kafli VIII. kafli Ýmis ákvæði, og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að greinar 47—51 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*